



VINNUBLAÐ 1: Hversdagsgöngutúr

Verkefni 1: Takið upp hversdagslegan göngutúr

Þið eigið að taka upp hversdagslegan göngutúr utandyra. Farið á hugarflug varðandi 'locations' (það þýðir staður á kvikmyndamáli).

Segið hverju öðru frá stöðum sem þið gangið um eða hjá á hverjum degi. Það gæti t.d. verið gatan þar sem þú býrð. Leiðin í og úr skólanum, eða einhver sérstakur staður sem þú heimsækir þegar þú átt lausa stund síðdegis. Hvað sérðu á leiðinni? Er fallegt eða ljótt? Er huggulegt að vera þar?

Veljið leið, sem þið viljið nota sem ykkar 'location'. Leiðin má gjarnan sýna það sem ykkur þykir einkenna heimabæinn ykkar eða staðinn sem þið búið á.

Reglur:

Takið manneskjuna sem gengur upp í 'total-stillingu'. Sá sem tekur upp á að ganga í takti við þann sem er tekinn upp (þetta kallast 'tracking' á kvikmyndamáli)

Upptakan á að vara í 30 sekúndur, svo við getum klippt hana við hinar upptökurnar

Munið, að kennarinn ykkar þarf að samþykkja location-ið!

Munið að snúa símanum á hlið!

Verkefni 2: Finnið mynstrin!

Nú eigið þið að taka 3 myndir á svæðinu sem þið genguð um. Lítið í kringum ykkur og takið eftir litum, mynstrum og formum og takið nærmyndir af því flottasta. Reynið að láta mynstrið fylla út í rammann. Það er ekki nauðsynlegt að það sjáist hvar eða hvað mynstrið er. Það mikilvægasta er að mynstrið sé flott!

Aftur í bekkinn:

Sýnið hinum í bekknum upptökurnar ykkar og mynstrin sem þið funduð. Þekkið þið staðina? Hvað haldið þið að fólk frá öðrum löndum muni hugsa þegar þau sjá staðinn?